

# Vinnuslys og forvarnir - Tilkynningaskylda



Þórunn Sveinsdóttir gæðastjóri



# Efni fyrirlesturs - vinnuslys

- » Skilgreining á vinnuslysi
- » Kostnaður við vinnuslys
- » Orsakir vinnuslysa
- » Skráning vinnuslysa og tölfræði
- » Hvernig fækkum við vinnuslysum



# Vinnuslys – skilgreining

- » Skyndilegur, óvæntur atburður í tengslum við vinnu sem veldur áverkum, heilsutjóni eða dauða eins eða fleiri einstaklinga.
- » Ennfremur átt við slys á borgurum sem slasast í tengslum við starfsemi eða búnað sem VER hefur eftirlit með, s.s. í skíðalyftum, rennistigum o.fl.



# Beinn kostnaður vegna slysa

- » Beinn kostnaður er oft þekktur.
  - » Það er oft hægt að tryggja sig gegn beinum kostnaði
- » Dæmi um beinan kostnað
  - » Koma á bráðadeild, sjúkrabíll, lyf og annar kostnaður.
  - » Útgjöld sem falla undir ábyrgðatryggingu
    - » Ábyrgð gagnvart einstaklingnum
    - » Ábyrgð gagnvart viðskiptavinum
    - » Ábyrgð gagnvart tjóni annarra (s.s. við bílslys)



# Óbeinn kostnaður við slys

Óbeinn kostnaður er oft vanmetinn eða jafnvel falinn

- » Tapaður tími (starfsmaður skilar ekki framlegð þegar hann er frá vinnu).
- » Greiðslur til starfsmanns þegar hann er frá vinnu.
- » Tjón á vöru eða hráefni.
- » Viðgerðir á tækjum og búnaði.
- » Kostnaður við afleysingar (s.s. yfirvinnugreiðslur).
- » Tapaðir viðskiptasamningar.
- » Töpuð viðskiptavild.
- » Verri starfsandi í fyrirtækinu.



# Vinnuslys – orsakir slysa og kostnaður í USA

USA

Top 10 Causes and Direct Costs of the Most Disabling U.S. Workplace Injuries<sup>1,2</sup>




1. The 2018 Liberty Mutual Workplace Safety Index is based on non-fatal 2015 injury data with more than 5 days away from work.

2. Due to a change in BLS coding, Index series 2013–2018 is not directly comparable to Index series 2000–2012.

# Heildarkostnaður vegna slysa

- » Heildarkostnaður er almennt mjög vanmetinn.
  - » Oft miðað við að óbeinn kostnaður sé 2-10 sinnum hærri en beinn. Þetta gleymist mjög oft.
- » Mörg slys eru ekki skráð og allur kostnaður við þau er þess vegna vanmetinn.
  - » Við höfum reyndar í vissum tilvikum grun um að slysatölur séu ofmetnar.
    - » Ef þetta er rétt gefur þetta ranga mynd af slysum hjá viðkomandi aðilum.
    - » Umfram allt getur þetta valdið því að önnur einkenni s.s. sálfélagslegt álag er ekki meðhöndlað sem skyldi.



# „Nútíma“ kenningar um orsakir slysa


- » Umræða um orsakir slysa í dag nær til fjórða áratugs síðustu aldar.
  - » Beinist í upphafi meira að fjárhagslegum kostnaði og ábyrgð starfsmannsins.
  - » Seinni tíma kenningar horfa meira á **vinnuumhverfið** og áhrif þess á orsakir slysa.
- » Þó eldri kenningar séu um margt úrehtar er ekki endilega rétt að hafna þeim alfarið.
  - » Mikilvægt að rannsaka slys með opnum huga og útiloka ekkert til að byrja með.






# Þríhyrningur Bird (1969)

- byggður á kenningum HW Heinrich (1932)



# Svissneskar ostasneiðar




- » Varnarlögin eru mismunandi þétt og mismunandi mörg, en af og til nær hættan í gegn og veldur frávikum.



# Rannsókn slysa og atvika

- » Mikilvægt tæki til að efla öryggisstjórnkerfið
  - » Við rannsökum slys með það að markmiði að draga úr líkum á sambærilegum slysum í framtíðinni.
  - » Það fást mikilvægar upplýsingar með því að rannsaka önnur atvik s.s. næstum því slys.
  - » Það má líka rannsaka hugsanleg slys út frá aðstæðum á vinnustaðnum.



# Öryggismenning og góðir leiðtogar

Hvað einkennir góða leiðtoga?

- » Ábyrg stjórnun, sem fóstrar góða öryggismenningu.
- » Öryggismálum er gefinn skilyrðislaus forgangur bæði hjá leiðtoga og stjórn.
- » Góð samskipti og samvinna um öryggismál.
- » Virðing fyrir starfsmanninum og virk hvatning til að ná árangri í öryggismálum.

**Öryggi starfsmanna á að vera grunngildi!**

*Heimild: Leadership and occupational safety and health: An expert analysis. European Agency for Safety and Health at Work – EU-OSHA.*



# Hvers vegna verða slysin?

- » Fyrir utanaðkomandi, þá gæti litið svo út að vinnuslys verði vegna þess að við vitum ekki hvernig koma á í veg fyrir þau.
- » Staðreyndin er sú að þau gerast vegna þess að við notum ekki þá þekkingu sem er til staðar. Fyrirtæki og stofnanir læra ekki af reynslunni .... og gleyma.

*(Kletz, 1993. OHS Body of Knowledge Models of Causation: Safety April 2012.)*



# Skráning vinnuslysa á vinnustað

L. 46/1980, 78 gr.

- » Atvinnurekandi skal skrá öll slys
  - » sem eiga sér stað á vinnustaðnum og leiða til andláts eða óvinnufærni starfsmanns
    - » í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð
- » Sama gildir um **sjúkdóma** sem atvinnurekandi hefur rökstuddan grun eða vitneskju um
  - » að eigi rætur sínar að rekja til starfsins eða annarra aðstæðna á vinnustaðnum
- » Einnig skal atvinnurekandi skrá **óhöpp**
  - » sem eiga sér stað á vinnustaðnum og eru til þess fallin að valda slysum



# Skráning vinnuslysa á vinnustað – frh.

L. 46/1980, 78 gr.

- » VER og þeir aðilar sem starfa að vinnuvernd innan fyrirtækja, sbr. 4.–6. gr. laganna, og **þjónustuaðili** skulu hafa aðgang að skránni
- » Atvinnurekandi og þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. mgr. skulu fara með persónuupplýsingar úr skránni sem trúnaðarmál



# Skráning slysa - forvörn

- » Eindregið mælt með því að **skrá öll slys og atvik** sem hefðu getað valdið slysi.
  - » Mikilvægt að hafa í huga að ef við viljum koma í veg fyrir öll slys þá er nauðsynlegt að fylgjast með
- » Algengt að fyrirtæki skrái einnig eignatjón og annað sem gæti tengst slysum eða orsakað þau.
- » Rýna slys og óhöpp → lærdómsferli → forvörn





# Dæmi um skráningu *næstum því* slysa

<Setjið inn fyrirtækisnafn/LOGO>

**Skráning af næstum-slysum**

Tilkynnt af: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Tímasetning: \_\_\_\_\_

Staður/deild: \_\_\_\_\_

Hvað gerðist: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Forvarnir á staðnum: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

---

*Mótekið af öryggistrúnaðarmanni / atvinnurekanda:*

Nafn: \_\_\_\_\_

Deild/staður: \_\_\_\_\_

< Setjið inn fyrirtækisnafn/LOGO >

**Skráning af næstum-slysum**

Tilkynnt af: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Tímasetning: \_\_\_\_\_

Staður/deild: \_\_\_\_\_

Hvað gerðist: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Forvarnir á staðnum: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

---

*Mótekið af öryggistrúnaðarmanni / atvinnurekanda:*

Nafn: \_\_\_\_\_

Deild/staður: \_\_\_\_\_



# Tilkynning vinnuslysa

L. 46/1980, 79. gr.

## Tilkynna skal til Vinnueftirlitsins:

- » Slys sem valda fjarvist einn dag auk slysadagsins
  - » Tilkynna eigi síðar en innan 7 daga frá slysinu
- » **Alvarleg slys skal tilkynna strax símleiðis**, auk þess þarf að tilkynna rafrænt innan 7 daga

Frá og með  
1. janúar 2020 þarf  
að skrá vinnuslys  
rafrænt í gegnum  
mínar síður  
Vinnueftirlitsins

[vinnueftirlit.is](http://vinnueftirlit.is)



Tilkynna vinnuslys

Athugið, eingöngu tekið við rafrænum  
tilkynningum frá 1. janúar 2020.



# Hvað eru alvarleg vinnuslys?

Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni

- » Með langvinnu eða varanlegu heilsutjóni er m.a. átt við tilvik þar sem hinn slasaði:
  - » missir útlím eða hluta af útlím
  - » beinbrotnar, fer úr lið
  - » fær meiriháttar sár
  - » missir meðvitund
  - » hlýtur skemmdir á taugavef
  - » verður fyrir alvarlegu augnslysi
  - » innvortis meiðslum
  - » eitrun



# Nýtt viðmót

## Velkomin/n á mínar síður Vinnueftirlitsins


Til að geta nýtt þér þjónustuna þarftu að skrá þig inn annað hvort með rafrænum skilríkjum eða Íslykli.


Vinsamlegast athugið að þeir sem ætla að vinna fyrir ákveðin fyrirtæki þurfa að skrá sig inn með Íslykli viðkomandi fyrirtækis eða fá umboð frá fyrirtækinu í gegnum Umboðsmannakerfi Ísland.is

[Leiðbeiningar fyrir umboðsmannakerfi Ísland.is](#)




Smelltu á kubbinn hér fyrir ofan til að hefja innskráningu.

 Rafræn skilríki í farsíma

 Rafræn skilríki á korti

 Íslykill

 Umboðsmannakerfi

### Rafræn skilríki í farsíma

1. Þú slærð inn farsímanúmerið þitt á innskráningarsíðu Vinnueftirlitsins hjá islandi.is. Gættu þess að síminn sé opin/ólæstur.
2. Á farsímanum samþykkir þú skilaboð um innskráningu.
3. Sjálfkrafa birtist mynd á farsímanum þar sem óskað er eftir því að þú sláir inn PIN númerið þitt sem þú valdir við virkjun skilríkjanna.
4. Þegar þú hefur staðfest PIN númerið er auðkenningu lokið.

[Sýna meira](#)

# Nýtt viðmót

## Velkomin á mínar síður hjá Vinnueftirlitinu

Hlutverk Vinnueftirlitsins er að fylgja því eftir að starfsumhverfi sé öruggt, heilsusamlegt og í samræmi við vinnuverndarlög.

### Vinnuslys

Hér geturðu tilkynnt vinnuslys og séð lista yfir allar rafrænar tilkynningar um vinnuslys skráð á **Svava Jónsdóttir**.

#### Slysaskrá

Fjöldi slysa á skrá 0

Tilkynna vinnuslys

### Vélar og tæki

Hér geturðu tilkynnt eigendaskipti á tæki og séð lista yfir öll tæki skráð á **Svava Jónsdóttir**.

Fjöldi tækja 0

Skrá tæki



# Nýtt viðmót

## Tilkynning um vinnuslys Velja tegund af skráningarformi.

Þann 1. janúar 2020 var tekið í gænið nýtt tilkynningaform fyrir vinnuslys.

Öll vinnuslys sem eiga sér stað 2020 eða síðar eru skráð á nýju slysaskráningarformi.

Við hvetjum þig til að kynna þér meðhöndlun á persónuverndarupplýsingum í tengslum við Slysaskrána en þær eru að finna í [persónuverndarstefnu Vinnueftirlitsins](#).

### Velja útgáfu eftir dagsetningu

#### Dagsetning slyssins\*

Dagsetning slyssins ræður því hvaða útgáfa af skráningarforminu er notuð.

- Ef slysið varð 2019 eða fyrr
- Ef slysið varð 2020 eða síðar


Áfram

# Vinnuslysaskrá

- » Markmið skráningar er að til sé gagnagrunnur sem nýst getur í forvörnum.
- » Vinnuslysaskráin er á netinu
- » <http://slysatolfraedi.ver.is/>
- » og er öllum aðgengileg.
- » Öll slys tilkynnt til Vinnueftirlitsins eru hluti af Slysaskrá Íslands
- » <http://www.landlaeknir.is/tolfraedi-og-rannsoknir/tolfraedi/heilsa-og-lidan/slys/>




# Slysaskrá Íslands 2005-2018







# Vinnuslys sem hlutfall af vinnuafli




# Tilkynnt vinnuslys til VER






## Vinnuslys eftir starfsgreinum 2014-2018



# Tilkynnt vinnuslys til VER



# Hvernig fækkum við slysum?

## Mikilvægi áhættugreiningar



### Áhættugreining og -stýring

- » Metur áhættu áður en verkið er framkvæmt
- » Brugðist við áhættunni á hagkvæman hátt
  - » Viðbrögðin eru á réttum tíma
  - » Í samræmi við greinda áhættu
- » Mikilvægt að endurskoða áhættugreiningu að fenginni reynslu
  - » til að halda við skilvirkni



# Spurningar?

